

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 135/1991. **Ásgeir Sigurðsson**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Mariú Skagan

(Jóhann Nielsson hrl.)

og gagnsök.

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og erfðaskrá Árnýjar Önnu Jónsdóttur verði dæmd gild. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 22. sama mánaðar. Hún krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krafðist ógildingar á erfðaskrá Árnýjar Önnu Jónsdóttur, sem dagsett er 6. júní 1982, með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík 4. desember 1990, en Árný Anna andaðist 11. mars 1990. Gagnáfrýjandi var einn lögerfingja Árnýjar Önnu, en hún átti enga skylduerfingja. Aðrir lögerfingjar hafa ekki andmælt gildi erfðaskrárinnar. Samkvæmt gögnum málsins liggur frumrit erfðaskrárinnar frammi við opinber skipti í dánarbúi Árnýjar Önnu. Kröfu sína um ógildingu byggir gagnáfrýjandi á tvennu. Í fyrsta lagi sé ekki um það getið í arfleiðsluvottorði, að Árný Anna hafi undirritað eða kannast við efni erfðaskrárinnar að báðum arfleiðsluvottum viðstöddum. Í öðru lagi beri vottorðið ekki með sér, að arfleiðsluvottarnir hafi verið til kvaddir af arfleifanda sjálfri. Auk þess bendir hann á, að erfðaskráin tilgreini ekki rétta dagsetningu á undirritun hennar og vottun.

Reglur erfðalaga nr. 8/1962 um form erfðaskráa eru settar til þess, að arfleiðsluviljinn komi skýrlega fram og að staðreyna megi

hann eftir andlát arfláta. Í máli þessu liggur fyrir skrifleg erfðaskrá, undirrituð af arfláta og vottuð af tveimur óvilhöllum vottum. Þar lýsa þeir því yfir, að arfláti hafi verið við góða andlega heilsu, og hafi erfðaskráin verið gefin af fúsum og frjálsum vilja og haft að geyma vilja hennar. Vottarnir hafa komið fyrir dóm og staðfest undirritun sína. Brigður eru ekki bornar á það, að við undirritun hafi arfleifandi verið við góða andlega heilsu og skráin sýnt vilja hennar. Vefenging erfðaskrárinnar er ekki byggð á ástæðum þeim, sem um ræðir í ákvæðum 34. gr. eða 37. - 38. gr. erfðalaga, og á því sönnunarregla 2. mgr. 45. gr. ekki hér við samkvæmt efni sínu. Fallist er á það með gagnáfrýjanda, að formi erfðaskrárinnar sé ábótavant. Hins vegar liggur hvorki fyrir, að vilji arfláta hafi breyst þau ár, sem hún átti eftir ólifuð, né heldur, að hún hefði ekki að gildum hætti getað breytt erfðaskránni, hefði vilji hennar staðið til þess. Verður við það að miða, að erfðaskráin hafi að geyma hinsta vilja hennar. Óvissa um dagsetningu erfðaskrárinnar haggar ekki þessari niðurstöðu. Ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og skal erfðaskrá Árnýjar Önnu Jónsdóttur metin gild og lögð til grundvallar skiptum í dánarbúi hennar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. febrúar 1991.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum máflutningi þess 29. janúar 1991.

Sóknaraðili, Ásgeir Sigurðsson, kt. 241042-3599, Langagerði 48, Reykjavík, gerir þær kröfur, að erfðaskrá Árnýjar Önnu Jónsdóttur, dags. 6. júní 1982, verði metin gild og ákvæðum hennar framfylgt gagnvart sóknaraðila, sem sé arfþegi að íbúð hinnar látnu, Árnýjar Önnu, að Meðalholti 12, Reykjavík. Auk þess krefst sóknaraðili leigugjalds, sem inn hafi komið fyrir íbúðina, og málskostnaðar úr dánarbúi Árnýjar Önnu Jónsdóttur.

Varnaraðili, María Skagan, kt. 270126-7769, Hátúni 12, Reykjavík, gerir

þær kröfur, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að eignir, sem hann gerir tilkall til á grundvelli erfðaskrárinnar, renni til lögerfingja. Enn fremur gerir varnaraðili þá kröfu, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða varnaraðila málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðis- aukaskatti á málflutningsþóknun, og beri málskostnaðarfjárhæðin hæstu lögleyfðu dráttarvexti skv. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttaumleitanir dómara hafa engan árangur borið.

II.

Árný Anna Jónsdóttir, kt. 200205-8129, Meðalholti 12, Reykjavík, andaðist 11. mars 1990. Að kröfu lögerfingja hennar var dánarbúið tekið til opinberra skipta og gefin út innköllun. Lauk kröfulýsingarfresti 7. október 1990. Á kröfulýsingarfresti kom fram krafa sóknaraðila um tilkall til fasteignar hinnar látnu að Meðalholti 12, Reykjavík, og byggði hann rétt sinn á erfðaskrá þeirri, sem um er deilt í máli þessu, en hún er svohljóðandi:

„E R F Ð A S K R Á.

Ég undirrituð, Anna Jónsdóttir Skagan, Melholti 12, Reykjavík, fædd 20/2 1905, nnr. 0549-6756, sem á enga lögerfingja, arfleiði hér með Ásgeir Sigurðsson, Melholti 12, Reykjavík, nnr. 0676-3480, að íbúð mínum eftir minn dag. Meðal eigna er íbúð á 2. hæð að Melholti 12, Reykjavík.

Skrá þessa geri ég af fúsum og frjálsum vilja, og kalla ég til tvo votta til að staðfesta vilja minn í þessu efni.

Reykjavík, 6. júní 1982.

Á. Anna Jónsdóttir (sign)

Anna Jónsdóttir.

Við undirritaðir votta, er kvaddir hafa verið til, vottum hér með, að erfðaskrá þessi er gefin með fúsum og frjálsum vilja. Arfleiddandi, sem er við góða andlega heilsu, lýsir því yfir, að skrá þessi hafi að geyma sinn hinsta vilja. Þetta vottorð erum við tilbúnir að staðfesta með eidi.

D.u.s.

Klara Gunnarsdóttir (sign)

Guðrún Ína Ívarsdóttir (sign).“

Erfðaskrá þessi er vélrituð á löggiltan skjalapappír, og hefur efni hennar verið lítilllega breytt eftir vélritun, þ. e., að upphaflega stóð „..... arfleiði hér með að öllum eigum“, en hefur verið breytt með yfirstrikun á „öllum eigum“ og „íbúð“ sett í staðinn. Enn fremur er handskrif-

aður inn í texta erfðaskrárinnar fæðingardagur hinnar látnu og nafnúmer.

Lögerfingjar hinnar látnu eru: Ástríður Jónsdóttir, kt. 130903-2909, systir, dánarbú Jónatans Jónssonar, kt. 170917-5889, bróðir, sem andaðist 16. september 1990, María Skagan, kt. 270126-7769, og Sigríður Lister, kt. 171033-4709, dætur látins bróður Jóns Skagan, börn látins bróður, Indriða, þau: Erla, kt. 300489-4239, Jón, kt. 221150-4659, Guðbjörg Ásta, kt. 070154-4559, Alda Breiðfjörð, kt. 220346-7579, og Pétur Breiðfjörð, kt. 200447-6549, sonur látins bróðursonar, Gunnars Indriðasonar, Ragnar Karel Gunnarsson, kt. 011177-3449, börn látins bróður, Sigurðar Jónssonar, þau Bergljót, kt. 240246-4149, Erna, kt. 260948-3699, Jón, kt. 170550-4209, og Sæunn, kt. 170754-4759.

Á fyrsta skiptafundi, sem haldinn var í dánarbúinu 30. október 1990, mætti lögmaður varnaraðila þessa máls og óskaði eftir því, að tekin yrði sérstök skýrsla af arfleiðsluvottum umdeildrar erfðaskrár. Var ákveðið sérstakt vitnamál af því tilefni, og var það tekið fyrir 14. nóvember 1990. Í framhaldi af því lýsti lögmaður varnaraðila yfir, að varnaraðili og Sigríður Lister myndu vefengja erfðaskrár hinnar látnu, og á skiptafundi, sem haldinn var í dánarbúinu 14. desember 1990, var ákveðinn rekstur þessa skiptaréttarmáls til að leysa úr fram komnum ágreiningi, og var það mál þingfest með framlagningu greinargerðar sóknaraðila 9. janúar 1991. Í því þinghaldi lýsti lögmaður varnaraðila yfir, að varnaraðili yrði einungis María Skagan. Aðrir erfingjar létu ágreining þennan ekki til sín taka.

III.

Kröfu sóknaraðila um að fá viðurkenndan erfðarétt að umræddri íbúð byggir hann á erfðaskrárinnar látnu, dags. 6. júní 1982. Hafi erfðaskrárformið verið samið af Valtý Sigurðssyni, „þáverandi fulltrúa hjá borgar-fógetaembættinu“, núverandi borgarfógeta, og fullnægi hún öllum skilyrðum til að vera metin gild. Sjáist í henni, að arfláti hafi látið kalla sérstaklega til tvo erfðaskrárvotta, sem báðir voru hjúkrunarfræðingar á spítala þeim, sem arfláti var á, þegar skráin var gerð. Sé greinilegt, að arfláti hafi undirritað erfðaskrána af fúsum og frjálsum vilja. Í staðfestingu erfðaskrárvottanna segi, að arfláti hafi verið við góða andlega heilsu, og tekið fram, að erfðaskráin hafi að geyma hinsta vilja hans.

Sóknaraðili bendir á, að lögmaður varnaraðila hafi kvatt báða erfðaskrárvottana fyrir rétt, og megi telja það lán, að nást skyldi til þeirra beggja. Þær séu hjúkrunarfræðingar, sem störfuðu á því sjúkrahúsi, þar sem arfláti gerði erfðaskrána. Séu það sérstök meðmæli með sjálfri erfðaskránni. Hafi vottarnir ekki munað eftir sjálfri athöfninni, enda slíkar ráðstafanir algengar á sjúkrahúsum. Hins vegar hafi þær kannast við

undirskrift sína og fullyrt, að þær hefðu ekki skrifað undir sem erfðaskrárvottar án þess að vera fullvissar um, að allt væri sannleikanum samkvæmt og rétt, sem þær hefðu staðfest.

Sóknaraðili bendir á, að arfshluti sinn hafi verið minnkaður með breytingu á erfðaskránni. Megi telja víst, að arfláti hafi þar sjálf verið að verki og að henni hafi þannig snúist hugur á síðustu stundu sóknaraðila í óhag.

Sóknaraðili bendir einnig á, að hann hafi upplýst fyrir rétti, að systkinum arfláta hafi verið kunnugt um fyrirætlun arfláta um eignir sínar eftir sinn dag og að þau hafi ekki verið því móttfallin. Hefði einhver vafi verið á því, að sóknaraðili færi með rétt mál í því efni, hefði verið sjálfsagt að kalla þau systkin arfláta, sem á lífi séu, fyrir rétt. Telur sóknaraðili með ólíkindum, að varnaraðili hafi viljað koma í veg fyrir, að vilji arfláta fengi að njóta sín að henni látinni.

IV.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að í erfðaskrárvottorðinu komi ekki fram eftirfarandi:

1. að arfleifandi hafi undirritað erfðaskrána eða kannast við efni hennar að báðum erfðaskrárvottum samtímis viðstöddum,

2. að arfleifandi hafi sjálf kvatt vottana til að votta arfleiðslu sína.

Séu þessi tvö atriði algjört skilyrði fyrir formlegu gildi erfðaskrárinnar skv. 42. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Hafi ekki með framburði erfðaskrárvottanna tekist að upplýsa málið frekar, en sóknaraðili hafi upplýst, að vottarnir hafi ekki verið samtímis hjá arfleifanda og að hann hafi sjálfur kvatt þá til starfans. Telur varnaraðili, að þetta eigi að leiða til þess, að erfðaskrá Árnýjar Önnu teljist ekki formlega gild og verði af þeirri ástæðu ekki lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi hennar. Sé ákvæðum 42. gr. erfðalaga ætlað að stuðla að tryggilegri sönnun fyrir högum arfleifanda, þegar arfleiðsla fari fram, og séu algjört skilyrði.

Enn fremur reisir varnaraðili kröfur sínar á vottorðum, sem hann hefur lagt fram, er sýna fram á, að á árinu 1982 lá hin látna á Landskotsspítala á tímabilinu 12. mars — 28. mars og 30. júní — 23. júlí. Sé því erfðaskráin og erfðaskrárvottorðið efnislega röng, að því er varði dagsetningu, og leiði það til þess, að erfðaskrána beri að meta ógilda.

Kröfu um málskostnað reisir varnaraðili á 177. gr. og 175. gr. eml.

V.

Eins og áður kemur fram, var tekið fyrir 14. nóvember 1990 sérstakt vitnamál: María Skagan gegn Ásgeiri Sigurðssyni. Komu þá fyrir réttinn til að bera vitni erfðaskrárvottarnir Guðrún Ína Ívarsdóttir, kt. 310350-

4279, Ránargötu 19, Reykjavík, hjúkrunarfræðingur, og Klara Gunnarsdóttir, kt. 030355-3269, Smiðjustíg 11 A, Reykjavík, hjúkrunarfræðingur. Hvorug þeirra mundi eftir því atviki, þegar þær skrifuðu undir erfðaskrána, en könnuðust báðar við undirskrift sína. Þær mundu ekki, hver hefði beðið þær að votta erfðaskrána né heldur hvort þær hefðu verið samtímis á staðnum, þegar þær skrifuðu undir. Hvorug þeirra mundi eftir hinni látnu né sóknaraðila máls þessa. Þegar verið var að yfirheyrja vitnið Guðrúnuínu og hún spurð, hvort hún og Klara hefðu verið kallaðar saman inn til að votta erfðaskrána, greip sóknaraðili fram í fyrir henni og upplýsti, að þær hefðu ekki verið saman.

Sama dag og í beinu framhaldi af skýrslutökum af erfðaskrárvottunum kom sóknaraðili sjálfur fyrir réttinn. Upplýsti hann m. a., að hann hefði komið á spítalann og haft með sér erfðaskrána, er Árný Anna var lögð á spítalann. Hann breytti síðan framburði sínum þannig, að hann hefði farið til Valtýs Sigurðssonar og beðið hann að gera erfðaskrána og komið með hana á spítalann samdægurs. Hann upplýsti einnig, að hann hefði beðið erfðaskrárvottana að votta erfðaskrána. Þegar hann var spurður að því, hvort báðir vottarnir hefðu verið samtímis viðstaddir, er erfðaskráin var undirrituð, kvaðst hann ekki muna það, en halda, að þær hefðu ekki báðar verið viðstaddir í einu. Hann upplýsti, að sér sýndist, að breytingar þær, sem gerðar voru á erfðaskránni með penna, hefði hann sjálfur gert. Hann lýsti yfir, að erfðaskráin hefði verið undirrituð seint þann dag, sem hin látna var lögð inn á spítalann, rétt fyrir eða eftir kvöldmat, og hafi hún átt að gangast undir uppskurð daginn eftir.

Hinn 23. janúar 1990 kom sóknaraðili aftur fyrir réttinn, og upplýsti hann, að búið hefði verið að dagsetja erfðaskrána áður, þar sem hin látna hefði alltaf verið að bíða eftir innlögn á spítala. Hefði það síðan dregist, en hún hefði viljað bíða með að skrifa undir erfðaskrána, þar til hún væri komin á spítalann, svo að auðveldara væri að fá votta að henni. Hann kvað sig hafa misminnt um það atriði, að hann hefði farið til Valtýs Sigurðssonar, eftir að hin látna hefði verið lögð inn, til að láta hann gera erfðaskrána; hann hefði sótt erfðaskrána heim. Sóknaraðili kvaðst nú muna skýrar, hvernig þetta gerðist með undirskriftir. Hin látna og erfðaskrárvottarnir voru allar saman við borð. Hann kvaðst halda, að hin látna hefði kallað á erfðaskrárvottana, sem hefðu verið að vinna í stofunni hjá henni og verið að ganga þarna út og inn. Hann kvaðst ekki muna betur en allar hefðu verið samtímis við undirskriftir á erfðaskránni. Hann upplýsti einnig, að erfðaskráin hefði verið undirrituð sama dag og hin látna kom á spítalann og að hún hefði komið á spítalann fljótlega eftir hádegi, og hann hafi síðan sótt skrána strax. Hann fullyrti, að hann hefði ekkert talað við erfðaskrárvottana, áður en þeir vottuðu erfðaskrána.

Vitnið Logi Guðbrandsson, kt. 290937-7799, Smáragötu 6, Reykjavík, sem er hæstaréttarlögmaður og framkvæmdastjóri Landakotsspítala, kom fyrir réttinn 29. janúar 1991. Að gengnum úrskurði um skyldu til vitnisburðar lagði hann fram vinnuskýrslur erfðaskrárvottanna vegna vinnu þeirra á Landakotsspítala á tímabilinu 30. júní til 7. júlí 1982. Í vinnuskýrslum þessum kemur fram, að 30. júní 1982 var Klara Gunnarsdóttir á vakt frá kl. 7.30 til 15.30, en Guðrún Ína Ívarsdóttir frá kl. 15.30 til 23.00. Logi Guðbrandsson upplýsti um vaktir starfsfólks spítalans, að þær gætu skarast um hálf tíma vegna skýrslugerðar, og geti því sú staða oft komið upp, að fólk sé á spítalanum á sama tíma, þótt einn hafi nýhafið störf og annar nýlokið störfum.

VI.

Ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, snýst um það, hvort erfðaskrá, dags. 8. júní 1982, undirrituð af Árnýju Önnu Jónsdóttur, skuli lögð til grundvallar skiptum á dánarbúi hennar.

Í 40. gr. erfðalaga nr. 8/1962 segir í 1. mgr., að erfðaskrá skuli vera skrifleg og að arfleifandi skuli undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum.

42. gr. erfðalaga hljóðar svo: „Arfleiðsluvottar skulu geta þess í vottorði, að arfleifandi hafi kvatt þá til að votta arfleiðslu sína, og hafi hann ritað undir erfðaskrá eða kannast við undirritun sína að þeim báðum viðstöddum. Þá skal það koma fram í vottorði, að vottum sé kunnugt, að hinn vottfesti gerningur sé erfðaskrá. Vottarnir skulu undirrita vottorð sitt svo fljótt sem föng eru á, eftir að arfleifandi hefur kennt við erfðaskrána. Í arfleiðsluvottorði skal þess enn fremur getið, hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Einnig er rétt að geta þar annarra atriða, sem áhrif geta haft á mat á gildi erfðaskrár.

Arfleiðsluvottar skulu staðsetja og dagsetja vottorð sitt og greina þar nákvæmlega, hvenær arfleifandi hafi ritað undir erfðaskrá eða kennt við efni hennar. Þeir skulu og greina heimilisföng sín, svo að ekki verði um villst.“

Samkvæmt þessu er það algert skilyrði fyrir því, að um formgilda erfðaskrá sé að ræða, að arfleifandi hafi kvatt viðkomandi votta til að votta arfleiðslu sína og að hann hafi ritað undir hana eða kennt við efni hennar að þeim báðum viðstöddum samtímis. Er það skilyrði, að báðir vottarnir skuli vera viðstaddir, sett fram, þar sem vottunum er ætlað að votta um viljaafstöðu manns og andlega hagi hans o. fl. á ákveðnu tímamarki, og er þessu ákvæði ætlað að stuðla að sem tryggilegastri sönnun fyrir högum manns á því tímamarki, er hann kennt við erfðaskrá sína.

Arfleiðsluvottorði á erfðaskránni er að því leyti áfátt, að þess er þar ekki getið, að arfleifandi hafi kvatt vottana til að votta arfleiðslu sína og að þeir hafi verið samtímis viðstaddir, er arfleiðandi kenndist við efni skrárinnar, en um þessi atriði eru fyrirmæli í 1. mgr. 42. gr. erfðalaga. Þá er og ljóst, að arfleiðsluvottarnir gættu þess ekki að staðsetja og dagsetja vottorð sitt á skrána, svo sem boðið er í 3. mgr. sömu lagagreinar.

Þessir ágallar valda því ekki sjálfkrafa, að erfðaskráin teljist ógild. Hins vegar verður sá, sem vill reisa rétt á erfðaskrá, sem er með slíkum ágöllum, að hrinda staðhæfingu þess, er rengir skrána, sbr. 45. gr. erfðalaga. Samkvæmt þessu lagaákvæði verður erfðaskráin því aðeins lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi arfleifandans, að sóknaraðili sanni, að arfleifandi hafi kvatt arfleiðsluvottana til að votta arfleiðsluna og að þeir hafi samtímis verið viðstaddir, er arfleifandi kenndist við erfðaskrána.

Þegar gögn málsins eru virt, þykir sóknaraðili ekki hafa fært sönnur á, að þeim skilyrðum fyrir gildi skrárinnar, sem nú voru nefnd, hafi verið fullnægt, er arfleifandi undirritaði erfðaskrána. Verður þegar af þessari ástæðu að hafna kröfu sóknaraðila í málinu, án þess að sérstaklega sé tekin afstaða til þess, hvort það hafi þýðingu, að upplýst er í málinu, að dagsetning á arfleiðsluvottorðinu er röng.

Samkvæmt þessu verður umrædd erfðaskrá ekki lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi Árnýjar Önnu Jónsdóttur.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Greta Baldursdóttir, settur borgarfógeti, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Ásgeirs Sigurðssonar, í máli þessu er hafnað. Erfðaskrá sú, sem Árný Anna Jónsdóttir undirritaði og dagsett er 6. júní 1982, er metin ógild.

Málskostnaður fellur niður.